

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 31. ágúst 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Selfossveitna bs. fyrir heitt vatn, nr. 583, 13. október 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir viðeigandi gjaldskrárliðir hækka um 5,7%.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Hörðuvellir, Tröllakór.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 9. apríl 2002.

Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af fyrirhuguðum Vatnsendavegi í Rjúpnahæð til norðurs, fyrirhuguðu íþróttasvæði í Kórahverfi (Hörðuvöllum) til austurs, opnu svæði og hesthúsabyggð í suður og austur, og lögsögumörkum Kópavogs og Garðabæjar til vesturs. Fyrirhugað íbúðasvæði við Tröllakór og íþróttasvæði Kórahverfis stækka til vesturs á kostnað óbyggðs svæðis, auk breytingar á gönguleið. Þéttleiki svæðisins er áætlaður um 27 íbúðir á ha.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarráðs Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 31. ágúst 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.